

Ársskýrsla  
Heilsugæslu  
höfuðborgarsvæðisins  
2017



## Ávarp forstjóra

Rekstur og starfsemi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) gekk vel á árinu 2017. Innleiðing nýs fjármögnunarkerfis setti óhjákvæmilega mark sitt á árið. Talsverð óvissa og óöryggi fylgdi innleiðingu nýja kerfisins, enda forsendur fyrir ákvörðun fjárveitinga til heilsugæslustöðvanna algerlega breyttar, auk þess sem fjölgun einkarekinna heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu jók á samkeppni um fjármagn, starfsfólk og skjólstæðinga. Þrátt fyrir allar þessar hræringar gekk fjárhagslegi hluti starfseminnar upp og var reksturinn jákvæður sem nam 31 m.kr. Það er áttunda árið í röð sem reksturinn er réttum megin striksins.

Það snýst ekki allt um krónur og aura og þótt mikilvægt sé að fjárhagur þessarar stóru heilbrigðisstofnunar sé í lagi er líka mikilvægt og ekki síður ánægjulegt að sjá þann árangur sem varð í starfseminni að öðru leyti. Fjárveitingar til HH jukust á árinu, sem er vel, og það er meðbyr í samfélaginu með heilsugæslunni. Starfsemin hefur aukist á nær öllum sviðum þjónustunnar. Ársverkum fjölga um 18 á árinu, en þar af fjölgaði ársverkum hjúkrunarfræðinga um átta, sjúkraliða um fimm og hálf og sálfræðinga um þrjú. Þá fjölgaði ársverkum lækna um hálf sem verður að teljast gott í ljósi þess að átta lækna í sjö og hálfri stöðu fóru frá HH til annarrar af tveimur nýju einkareknu stöðvunum. Viðtölum lækna og hjúkrunarfræðinga á dagvinnutíma hélt áfram að fjölga á milli ára, læknisviðtölum um 5,8% (4,1% samanlagt á dag- og síðdegisvakt) og hjúkrunarviðtölum um 11,9%. Uppbygging sálfræðiþjónustu innan HH hélt áfram og fjölgaði viðtölum sálfræðinga um tæp 48% milli áranna 2016 og 2017, en sú aukning á m.a. rætur í fjölgun starfa sálfræðinga á umliðnum tveimur árum. Á síðari hluta árs var Heimahjúkrun HH í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi eflid með sérstöku 160 m.kr. fjárframlagi. Það er þakkarvert og gerir HH kleyft að efla þjónustuna.

Í samræmi við samkomulag HH og Reykjavíkurborgar færðist starfsemi Geðheilsustöðvar Breiðholts frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. HH tekur við þessari metnaðarfullu starfsemi af ábyrgð og með ánægju, en framundan er áframhaldandi uppbygging geðheilsuteyma innan HH í takt við aðgerðaráætlun Alþingis í geðheilbrigðismálum.


Nýtt skipulag HH tók formlega gildi þann 1. október og styður það við þær breytingar sem orðið hafa á skipulagi heilsugæslustöðva HH frá haustmánuðum 2015. Það eru einkum tvær meginbreytingar frá eldra skipulagi. Í fyrsta lagi hafa skjólstæðingar HH verið settir í enn frekari forgrunn, þar sem áherslan er á teymisvinnu sniðna í kringum þarfir þeirra. Í öðru lagi eru stöðvar HH dregnar fram í dagsljósið sem kjarni HH og í kringum þær raðast stoðsvið HH sem styðja við stöðvarnar.

Þrátt fyrir að tekist hafi verið á við flókna innleiðingu nýs fjármögnunarkerfis, voru mjög mörg framfaraskref stigin á árinu. Það sýna allar lykiltölur úr starfseminni.

Allir hafa lagt sitt að mörkum – hafið innilega þökk fyrir.

Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri

## Skipurit – Notandinn í forgrunni



## Nýtt fjármögnunarkerfi fyrir heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu

Í byrjun árs 2017 tók gildi sérstakt fjármögnunarkerfi fyrir heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu. Kerfið snýst um fjármögnun nær allrar heilsugæsluþjónustu á höfuðborgarsvæðinu, bæði þjónustu sem veitt er af opinberum heilsugæslustöðvum og þjónustu sem einkareknar stöðvar veita. Þó nær kerfið ekki til sjálfstætt starfandi heimilislækna, en þeir eru örfáir og fer fækkandi á höfuðborgarsvæðinu.

Fjármögnunarkerfið heldur utan um útteilingu Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) á stuðningi ríkisins við heilsugæsluþjónustuna. Útteilt er úr skilgreindum “potti” í umsjá SÍ á fjárlögum ríkisins, sem nam samtals um 6,6 milljörðum kr. á árinu 2017. Flókið reikniverk er á bakvið útteilinguna, sem byggir að stærstum hluta á tölfræði um skjólstæðinga hverrar stöðvar en einnig á sænskri tölfræði. Um 40% af útteilingunni byggir á því á hvaða aldri og af hvaða kyni skjólstæðingarnir eru; önnur 40% deilast eftir hversu marga og alvarlega sjúkdóma skjólstæðingarnir hafa verið greindir með og hvað þeir sjúkdómar vega þungt; einnig eru framlög vegna skólahjúkrunar, sálfræðiþjónustu og túlkunþjónustu. Afgangurinn fer eftir í hve miklum mæli skjólstæðingar sækja þjónustu á sína stöð og hversu vel stöðinni tekst að uppfylla nokkur valin gæðaviðmið í starfi.

Hlutfallsskipting	2017	2018
Sálfræðiþjónusta	2,2%	3,1%
Túlkapjónusta	0,3%	0,5%
Skólahjúkrun	5,3%	5,3%
Sjúkrþjálfun (hreyfiseðlar)		0,6%
	7,8%	9,5%
Félagssparfávísitala	0,4%	0,4%
VERA	1,0%	1,0%
Lyfjaafstemming	1,9%	1,0%
Önnur gæðaviðmið	1,9%	2,0%
Hlutdeild	2,9%	3,6%
Aðrir skjólstæðingar	1,9%	1,0%
	10,0%	8,9%
Kostnaðarvísitala	41,1%	40,8%
ACG þarfávísitala	41,1%	40,8%
	82,2%	81,6%
Samtals	100,0%	100,0%

Uptaka fjármögnunarkerfisins hafði víðtæk áhrif á starfsemi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) á árinu 2017. Í fyrsta lagi lækkuðu bein framlög til HH á fjárlögum um 80%. Eftir sat fjármagn sem rennur til sérverkefna HH, annarra en heilsugæsluþjónustu, s.s. til þroska- og hegðunarstöðvar, Göngudeildar sóttvarna og hælisleitenda, geðteyma, Þróunarstofu og fleiri smærri verkefni. Í öðru lagi gjörbreyttist áætlanagerð HH; nú var áætlað fyrir starfsstöðvar eftir spám um fjárframlög Sjúkratrygginga, en ekki eftir fjárlögum, niður á launaútgjöld og aðra útgjaldabætti. Í þriðja lagi reyndi kerfið mjög á stjórnendur HH, sem voru allt síðasta ár að laga rekstur einstakra stöðva að fjármögnun í gegnum nýja kerfið. Flestar stöðvar voru reknar með halla á árinu, þótt örfáar væru reknar réttum megin við strikið. Á einni stöð hefur samdráttur í rekstri gerst af sjálfu sér, starfsmenn hafa flutt sig til, en á annarri hefur þurft að leggja niður störf. Tveir af nýjum svæðisstjórum HH sögðu upp störfum á þessum tíma. Það hefur þurft að þróa alveg ný stjórnæki og yfirlit til þess að hægt væri að fylgjast með rekstrarstöðu heilsugæslustöðvanna. Í fjórða lagi hafa nýjar einkareknar stöðvar fært fjármagn frá heilsugæslustöðvum HH, aðallega þremur; í Árbæ, Grafarvogi og Efra-Breiðholti; þar voru nokkrir læknar nýju stöðvanna starfandi áður og þeir tóku sjúklinga með sér og jafnframt rekstrarfé. Það bætti hins vegar HH-stöðvum að nokkru leyti skaðann að í heilsugæslukerfinu á höfuðborgarsvæðinu í heild fjölgaði skjólstæðingum verulega á árinu, eða um 10 þúsund manns.

Aðlögun rekstrar heilsugæslustöðvanna að framlögum úr fjármögnunarkerfinu tók verulega á alla starfsmenn HH. Aðlögun að kerfinu náði inn í flesta þætti starfseminnar, jafnvel verklag heilbrigðisstarfsmanna; stöðvarnar þurftu að leggja áherslu á þá þætti sem skiluðu þeim tekjum frá Sjúkratryggingum. Nokkrar þurftu að draga úr útgjöldum. Höfuðástæðan fyrir hallarekstri stöðva var í raun sú, eins og fulltrúar HH höfðu höfðu haldið fram frá því undirbúningur fyrir kerfisbreytinguna

hófst, að heilsugæslukerfið í heild var undirfjármagnað þegar af stað var farið; það hafði verið undirfjármagnað frá því um hrún en varð það enn frekar með opnun nýrra einkarekinna stöðva árið 2017; úr því var ekki bætt úr fyrr en með auknum fjárframlögum á nýju ári.

Sem betur fer hafði HH sýnt þá fyrirhyggju að breyta stjórnskipulagi sínu til að takast á við þetta nýja rekstrarumhverfi. Rekstrarleg og fagleg ábyrgð á starfi einnar heilsugæslustöðvar var sameinuð í einni persónu- svæðisstjóranum- og ráðið í öll þessi stjórnunarstörf að undangengnum auglýsingum og ítarlegu ráðningarferli. Þessar breytingar byrjuðu fyrir mitt ár 2015 og lauk í árslok 2016. Í skipulagsbreytingunum fólst áhersla á teymisvinnu, í samræmi við kröfulýsingu velferðarráðuneytisins fyrir heilsugæsluþjónustu, en ennfremur á straumlínustjórnun, sem nýtist vel við endurskoðun á rekstri stöðvanna.

Fjármögnunarkerfi heilsugæslunnar er í áframhaldandi þróun. Allir hlutaðeigandi aðilar málsins gera sér grein fyrir að tíminn til að undirbúa kerfið var of stuttur og nauðsynlegt er að þróa það áfram með hliðsjón af þeirri reynslu sem aflað hefur verið. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hefur t.d. lagt fram tillögur um breytingar á kerfinu í níu liðum, misjafnlega viðamiklum. HH gerði strax á árinu 2016 tillögu um að umgjörðin utan um fjármögnunarkerfið, eftirlit með framkvæmd þess og sköpun vettvangs fyrir úrlausn ágreiningsmála yrði eflid; nauðsyn þess hefur að okkar dómi orðið brýnni eftir því sem tíminn hefur liðið. Tillögurnar snerta m.a. vægi þátta, meðferð sértekna, val gæðaviðmiða og aukna beitingu íslenskrar tölfraði.

Fjármögnunarkerfi geta haft æskileg og óæskileg áhrif á þá starfsemi sem hún á að þjóna. Rannsóknir hafa leitt áhrif þeirra í ljós. Kerfið sem kennt er við greiðslu-fyrir-verk (fee-for-service), er nú talið vafasamt stjórnæki í heilbrigðisþjónustu—það skili hvorki nægilegum heilsufarslegum árangri né hagkvæmni í þjónustu. Fjármögnunarkerfi heilsugæslunnar er ekki byggt á þessum grunni.

Kostirnir við það kerfi sem hér hefur verið tekið upp eru m.a. þeir að gefa mælingar á þyngd í rekstri heilsugæslustöðvanna og frammistöðu þeirra; það hefur gert stjórnendur innan HH betur meðvitaða um reksturinn en áður, um möguleika sína til að hafa áhrif á hann, og búa til þrýsting á endurskoðun hefðbundins verklags, sem skiptir máli varðandi flæði sjúklinga, og varpar ljósi á mögulega soun í starfseminni.

Innan HH eru vissar áhyggjur af að fjármögnunarkerfið geti haft óæskileg áhrif á starfsemina þegar til lengri tíma er litið; t.d. á þann hátt að læknisfræði og önnur heilbrigðisvísindi láti undan síga; kerfið sé of læknamiðað og þyrfti að taka meira mið af þverfaglegu starfi innan heilsugæslunnar; það ýti heldur ekki undir vilja til að taka þátt í þróun og kennslu. Því hefur HH lagt til að settur verði kraftur í rannsókn á áhrifum fjármögnunarkerfisins áður en það hefur of mótandi áhrif á framtíð heilsugæslunnar í landinu.

Jónas Guðmundsson, framkvæmdastjóri sviðs fjármáls og rekstrar

## Rekstur

Vegna breytinga á á lögum um opinber fjármál er rekstraryfirlit áranna 2016 og 2017 ekki samanburðarhæft.

### Rekstraryfirlit

	2017
Sértekjur alls	5.993.089.439
Gjöld	7.920.341.310
Laun og launatengd gjöld	6.079.277.071
Önnur gjöld	1.840.263.364
Ríkisframlag	1.957.989.559
Tekjuafgangur	30.737.688

### Kostnaður sundurliðaður eftir viðfangsefnum

#### Heilsugæslustöðvar

	2017	2016
Heilsugæslan Árbæ	459.991.000	430.333.262
Heilsugæslan Efra Breiðholti	297.380.000	292.537.348
Heilsugæslan Efstaleiti	290.398.000	233.611.192
Heilsugæslan Fjörður	353.089.000	351.724.659
Heilsugæslan Garðabæ	334.532.000	301.979.771
Heilsugæslan Glæsibæ	272.090.000	237.297.113
Heilsugæslan Grafarvogi	416.168.000	432.827.187
Heilsugæslan Hamraborg	292.910.000	352.433.445
Heilsugæslan Hlíðum	249.478.000	239.961.611
Heilsugæslan Hvammi	266.946.000	244.546.220
Heilsugæslan Miðbæ	267.432.000	224.237.944
Heilsugæslan Mjódd	235.395.000	238.724.083
Heilsugæslan Mosfellsumdæmi	361.757.000	458.856.201
Heilsugæslan Seltjarnarnesi	350.302.000	325.873.089
Heilsugæslan Sólvangi	429.204.000	472.225.779
Samtals	4.877.072.000	4.837.170.920

#### Miðlæg þjónusta

	2017	2016
Proska- og hegðunarstöð	197.558.000	182.771.495
Göngudeild sóttvarna	45.884.000	27.182.900
Geðheilsa iðjupjálfun	44.237.000	47.728.967
Heimahjúkrun HH*	612.484.000	390.695.244
Geðheilsuteymi HH austur**	83.498.000	0
Samtals	287.679.000	257.683.362

\*Heimahjúkrun HH í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi frá 1. maí 2016

\*\*Geðheilsuteymi HH austur frá 1. mars. 2017

#### Skrifstofa og verkefni

	2017	2016
Skrifstofa og Próunarsvið	608.638.000	746.020.041
Deild rafrænnar þjónustu	148.254.000	153.493.680
Samtals	756.892.000	899.513.721

*Stærstur hluti sértekna eru komugjöld, um 48%. Aðrar tekjur eru m.a. vottorð, leigutekjur, námskeiðsgjöld og þjónusta við aðrar stofnanir.*

*Laun sérnámslækna og hjúkrunarfræðinga ásamt langtíma veikindum eru bókfærð undir skrifstofu.*

*Launagjöld urðu 9,9% hærrí en árið áður, húsnæðiskostnaður hækkaði um 7%, kostnaður vegna tölvu- og kerfisfræðiþjónustu lækkaði um 1,6%, útgjöld vegna rekstrarvara lækkuðu um 5% og útgjöld vegna rannsókna hækka um 12,7%. Hins vegar lækka útgjöld vegna ferða og funda um 7,4%.*



## Mannauður 2017

### Ársverk eftir stéttarfélögum

	2017	2016
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	138,9	130,9
Félag lífeindafræðinga	1,8	2,7
Félag sjúkráþjálfara	2,6	2,3
Félagsráðgjafafélag Íslands	3,1	4,2
Fræðagarður	4,4	4,8
Iðjuþjálfafélag Íslands	3,4	3,0
Kjarafélag viðskipta- og hagfr.	8,7	5,5
Kjararáð og utan félaga	2,1	2,0
Ljósmeðrafélag Íslands	21,1	20,4
Lyfjafræðingafélag Íslands	0,5	0,5
Læknafélag Íslands	135,8	135,3
Samflot sveitarfélaga	7,7	7,4
Sálfræðingafélag Íslands	28,3	25,2
SFR - Stéttarfélag í almannajónustu	115,3	117,5
Sjúkraliðafélag Íslands	39,2	33,6
Stéttarfélag bókas. og upplýsingafr.	1,1	1,0
Þroskaþjálfafélag Íslands	0,6	0,6
Samtals	514,6	496,9

### Ársverk eftir starfsstöðvum

	2017	2016
Heilsugæslan Árbæ	30,7	29,2
Heilsugæslan Efra Breiðholti	21,0	20,7
Heilsugæslan Efstaleiti	22,3	20,6
Heilsugæslan Fjörður	26,5	25,9
Heilsugæslan Garðabæ	24,9	24,9
Heilsugæslan Glæsibæ	17,2	16,1
Heilsugæslan Grafarvogi	31,0	32,8
Heilsugæslan Hamraborg	20,8	29,6
Heilsugæslan Hlíðum	19,0	19,5
Heilsugæslan Hvammi	19,8	18,2
Heilsugæslan Miðbæ	21,1	18,5
Heilsugæslan Mjódd	21,6	22,0
Heilsugæslan Mosfellsumdæmi	24,6	30,4
Heilsugæslan Seltjarnarnesi og Vesturbæ	26,1	24,1
Heilsugæslan Sólvangi	35,5	41,3
Geðheilsa-Eftirfylgd	3,5	4,0
Göngudeild sóttvarna	3,7	3,7
Heimahjúkrun HH í Hafnarf., Garðabæ og Kópav.	67,2	42,7
Þroska- og hegðunarstöð	24,5	23,7
Skrifstofa	53,6	48,8
Samtals		496,7

Ársverkum fjölgar  
 umtalsvert milli  
 ára. Það skýrist  
 m.a. af fjölgun  
 hjúkrunar-  
 fræðinga og  
 sjúkraliða í  
 tengslum við  
 sameinaða  
 heimahjúkrun þó  
 margir  
 starfsmenn hafi  
 flust frá Sólvangi,  
 Firði, Hamraborg  
 og Garðabæ.

Þetta er fyrsta  
 heila starfsár  
 Heimahjúkunar  
 HH sem hófstörf í  
 maí 2016 og sem  
 skýrir mun milli  
 ára eftir  
 starfsstöðvum

## Lykiltölur 2017

Þessar tölur sýna eingöngu klíníska starfsemi á stöðvunum, viðtöl/komur einstaklinga, símtöl við þá eða lyfjaendurnýjun og síðan vitjanir til einstaklinga – bæði á dagvinnutíma og síðdegisvakt.

Engin vinna ritara, svör við rannsóknum, læknaþríf eða önnur samskipti sem ekki fela í sér samskipti við einstaklinga eru hér með. Heimahjúkrun er talin sérstaklega.

### Heilsugæslustöðvar - Samskipti eftir þjónustuflokkum

	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Almenn læknishjálp	259.550	320.055	184
Hjúkrun	88.590	64.608	2.450 <sup>1</sup>
Mæðravernd	22.088	8.941	4
Ungbarnavernd	28.863	6.857	5.017
Sálfræðiþjónusta	6.685	2.838	1
Hreyfiseðlar	871	211	0
Félagsráðgjöf	760	823	1
HAM námskeið	1.415		0
Alls	408.822	404.333	7.657

1) Hér er aðallega um að ræða fjölskylduheilsuvernd og geðheilsuvernd mæðra í kjölfar barnsfæðingar

### Heilsugæslustöðvar - Heildarsamskipti eftir starfstétt

Hér er ekki hægt að fá samtölu því að það geta margir starfsmenn komið að sömu samskiptum. Þó samskiptin séu ein að þá teljast þau einu sinni á hvorn starfsmann, þegar talið er eftir starfsstéttum.

	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Læknar	277.911	325.855	225
Hjúkrunarfræðingar/ljósmaður	141.641	80.865	7.477
Sálfræðingar	6.689	2.854	1
Hreyfistjórar	873	213	
Félagsráðgjafar	760	823	1
Aðrir	1.612	220	1



## Lykiltölur 2017 - framhald

### Heilsugæslustöðvar - Heildarsamskipti eftir stöðvum

Tölur með síðdegisvakt en án námskeiða

	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Heilsugæslan Árbæ	40.388	34.764	913
Heilsugæslan Efta Breiðholti	23.962	32.360	305
Heilsugæslan Efstaleiti	22.385	17.138	350
Heilsugæslan Fjörður	27.785	25.133	561
Heilsugæslan Garðabæ	29.053	29.706	443
Heilsugæslan Glæsibæ	20.196	19.478	381
Heilsugæslan Grafarvogi	34.224	33.954	638
Heilsugæslan Hamraborg	20.803	22.395	484
Heilsugæslan Hlíðum	23.262	22.704	398
Heilsugæslan Hvammi	20.838	25.618	268
Heilsugæslan Miðbæ	25.833	22.852	495
Heilsugæslan Mjódd	20.795	22.499	427
Heilsugæslan Mosfellsumdæmi	23.567	20.787	523
Heilsugæslan Seltjarnarnesi og Vesturbæ	37.460	36.111	711
Heilsugæslan Sólvangi	36.880	38.981	760

### Heimahjúkrun HH og heimahjúkrun Mosfellsumdæmi

#### Samskipti eftir þjónustuflokkum

	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Heimahjúkrun	95	18.223	124.276
Iðjuþjálfun	3	1.011	379

#### Samskipti eftir starfsstétt

	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Hjúkrunarfræðingar	91	14.679	22.524
Sjúkraliðar	4	2.957	78.959
Félagsliðar		590	22.846
Iðjuþjálfar	3	1.010	380
Læknar		30	8

## Lykiltölur 2017 - framhald

### Heilsuvernd skólabarna skólaárið 2016-2017

Þessar tölur eru úr Ískrá

	Skólar á vegum HH	Meðaltal á hvern nemanda
Fræðsla skv. skipulagi	83.528	3,4
Önnur fræðsla	48.346	2,0
Viðtöl um heilsu og líðan	9.525	0,4
Bólusetningar	6.974	0,3
Samskipti vegna einstaklingsþjónustu	34.708	1,4
Skimanir	20.124	0,8
Samtals samskipti	203.205	8,3
Nemendafjöldi	24.607	

### Þroska- og hegðunarstöð

	2017	2016
Nýjar tilvísanir til þroska- og hegðunarstöðvar	483	568
Þar af vegna ADHD og skyldra raskana	438	532
Tilvísanir afgreiddar á árinu	472	657
Þar af fóru í formlegt greiningarferli	389	506
Þátttakendur á færniþjálfunarskeið fyrir foreldra eða börn	316	432

### Geðheilsa - Eftirfylgd

	2017	2016
Skjólstæðingar	175	154
Viðtöl	1.188	1.997
Vitjanir	25	41
Bráðatilfelli	52	95
Fjölskyldufundir	43	166
Þjálfun á vettvangi	109	176
Skjólstæðingar í hópastarfi og virkni	255	296
Komur í hópastarf og virkni	1.430	